

YFIRLÝSING UM LANDAMERKI

Milli Lauga og Suðureyrar í Súgandafirði í Ísafjarðarbæ

Landamerki milli jarðanna Suðureyri með fastanr. 233-6812 og Laugar með fastanr. 212-6646 hafa verið hnitsett. Lýsing á legu landamerkjanna er að finna í meðfylgjandi uppdrætti frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar dags. XX feb. 2019 en hann lýsir sameiginlegum skilningi núverandi landeigenda um legu merkjanna.

Fullt samkomulag er meðal landeigenda að skipta landinu á þann hátt sem fram kemur á meðfylgjandi loftmynd þar sem landamerki milli þeirra hefur verið sett inn með hnitum. Í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1853-1958 er að finna eftirfarandi í lýsingu jarðarinnar Suðureyri. Þinglýst á manntalsþingi að Suðureyri 30.06.1887

„Landamerki milli jarðarinnar Bæjar og Suðureyrar eru jafn á milli nesja sem nefnd eru Kýrnes og Vallarnes framan fyrir svo nefndar Spiltir í lítinn klett við fjöruna, sem nú er þó fallinn yfir aurskriða, frá honum og beint neðan, þangað sem fjallið er hæst. Það lítur svo útsem merkið hafi verið tekið upphaflega af miðju hálendi fjallsins til sjávar“

Landamerki að innan milli Suðureyrar og Lauga eru í laugina skammt fyrir utan túnið á Laugum, á bökkunum rétt með henni að utanverður rennur lækur, og uppeftir honum og að stórum steini á miðri fjallshlíðinni, frá þessum steini liggur merkið beint til fjallsbrúnar. Um þessi landamerki vitum við ekki til hafi verið neinn ágreiningur að undanfögnu. Þessi hér ofanskrifuð landamerki eru samþykkt hér undirskrifuðum núverandi eigendum hér nefndra jarða. Suðureyri 23. Júní 1887“

Í landamerkjayfirlýsingu þessari hafa landamerki á milli jarðanna Suðureyri og Lauga í Ísafjarðarbæ verið hnitsett í samræmi við lýsingu þá sem kemur fram í Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958 dags. Þinglýst Suðureyri 30.06.1887. Komi upp ósamræmi á milli hnitsetningar þessarar annarsvegar og texta landamerkjaskrána og afsalsbréfa jarðanna sem til grundvallar liggja skal hinn skrifaði texti landamerkjaskrána og afsalsbréfa ráða. Nánari lýsingu á legu landamerkjanna er að finna á meðfylgjandi uppdrætti, dagsettur 18. febrúar 2018

Framkvæmd hnitsetningar

Hnitakerfi: Landshnitakerfi, viðmiðun ISN93

Aðferð og uppruni

1. Myndkort loftmynda ehf. með 50 cm. Greiningarhæfni byggt á loftmyndum teknum úr 3500 metra hæð árið 2017.
Hnit: X hnit jafngildir austurhniti lengdarbaugur /austurás. Y hnit jafngildir norðurhniti, breiddarbaugur/norðurás.

Undirskriftir

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

F.h. Ísafjarðarbæjar

Vottur

F.h. GKP ehf., kt. 491111-0110

Vottur